

Algengar spurningar

Hvað er Protandim Nrf2?

Protandim Nrf2 er daglegt fæðubótarefni sem styður við frumuheilsu og vellíðan. Protandim Nrf2 hefur verið rannsakað í 20 ritrýndum klínískum rannsóknum.

Hver eru virku innihaldsefni sem finnast í Protandim Nrf2?

Withania somnifera (Ashwagandha) rótarþykkni (upprunið frá Indlandi), *Camellia sinensis* (grænt te) laufþykkni (upprunið frá Kína), *Silybum marianum* (mjólkurþistill) fræþykkni (upprunið frá Kína), *Bacopa monnieri* (heilplöntuþykkni) (upprunið frá Indlandi), og *Curcuma longa* (túrmerik) rótarþykkni (upprunið frá Indlandi).

Hvaða önnur innihaldsefni eru í Protandim Nrf2 og hvaða tilgangi þjóna þau?

Díkalsíumfosfat og kalsíumkarbónat, örkristallaður sellulósi, kroskarmellósanatríum, sterínsýra, magnesíumsterat, kísíldíoxíð og hýdroxýprópylmetýlsellulósi. „Önnur innihaldsefni“ í Protandim Nrf2 virka sem bindiefni og kekkjavarnarefni við framleiðslu töflunnar.

Eru innihaldsefni í Protandim Nrf2 „lífræn“?

Nei, þau eru ekki vottaðar lífræn; hins vegar framkvæmum við hjá LifeVantage prófanir á varnarefnum, illgresiseyðum og þungmálum á hverju einasta hráefni til að tryggja að við notum aðeins öruggar og hágæða vörur.

Eru hráefnin prófuð?

Já, ráðstafanir LifeVantage í gæðaeftirliti fara langt fram úr því sem tíðkast í greininni. LifeVantage prófar af mikilli nákvæmni allar lotur af virkum hráefnum til að staðfesta uppruna, virkni, mögulega örverumengun sem og tilvist varnarefna og þungmálma. Ólíkt flestum fyrirtækjum sem framleiða fæðubótarefni framkvæmum við einnig ítarlegt eftirlit með öllum birgjum okkar á virkum hráefnum. Við framkvæmum ítarlegar prófanir til að staðfesta að öll hráefni uppfylli eða fari fram úr gæðakröfum.

Get ég tekið þessi innihaldsefni hvert fyrir sig og náð sömu áhrifum?

Nei, einstök innihaldsefni í Protandim Nrf2 eru ekki eins áhrifarík í að virkja Nrf2 ferilinn og jurtasamsetning LifeVantage. Fyrri rannsóknir á Protandim Nrf2 hafa sýnt fram á mjög skýra og öfluga samverkun þar sem blandan af 5 innihaldsefnum er marktækt áhrifaríkari en nokkurt af einstökum innihaldsefnum ein og sér.

Hvernig er Protandim Nrf2 framleitt?

Hráefnin eru staðfest, vandlega vegin, blönduð og pressuð í töfluformísamræmi við ströngviðmiðum góða framleiðsluhætti (GMP). Hver lota af fullunnu Protandim Nrf2 er prófuð til að tryggja að hún uppfylli samþykktar forskriftir auk þess að gangast undir lokagæðaeftirlit í samræmi við reglugerðir um fæðubótarefni. Sérhver lota verður, aftur, að uppfylla eða fara fram úr öllum skilgreindum gæðakröfum fullunninnar vöru áður en hún getur verið samþykkt af LifeVantage Quality Assurance.

Notar framleiðandi Protandim Nrf2 ofnæmisvalda í framleiðslu svo sem mjólkurvörur, glúten o.s.frv.?

Allir framleiðendur Protandim Nrf2 eru skyldaðir til að viðhalda ströngu ofnæmisstjórnunarkerfi til að verjast mögulegri krossmengun af völdum ofnæmisvalda. Þessar framleiðslustöðvar eru reglulega skoðaðar til að tryggja að ferlum og verklagsreglum sé fylgt nákvæmlega með það að markmiði að tryggja öryggi vörunnar.

Eru litarefni eða matarlitir í Protandim Nrf2?

Nei, það eru engin litarefni eða matarlitir í Protandim Nrf2. Eitt af virku innihaldsefnum í Protandim Nrf2, *Curcuma longa* (túrmerik), er mjög gult, sem gefur töflunni gula litinn.

Inniheldur Protandim Nrf2 einhverjar afurðir úr dýrum; er það alfarið náttúrulegt?

Protandim Nrf2 er 100% grænmetisvænt og laust við glúten, hveiti, mjólkurafurðir, gelatín og ger. .

Ég las að Protandim Nrf2 innihaldi mjólkurþistil – eru einhverjar mjólkurafurðir í Protandim Nrf2?

Nei, *Silybum marianum* (Mjólkurþistill) er jurt sem notuð er í hefðbundinni kínverskri lækisfræði. Þó að „mjólk“ sé í nafninu inniheldur þetta innihaldsefni engar mjólkurvörur. .

Fylgir LifeVantage gildandi viðmiðum um góða framleiðsluhætti?

Já, við uppfyljum – eða förum fram úr – gildandi GMP-viðmiðum fyrir fæðubótarefni. LifeVantage tryggir öryggi og hreinleika allra innihaldsefna með óháðum rannsóknarstofuþrófunum, úttektum og vottunum frá þriðja aðila. Við höfum eitt af yfirgripsmestu gæðakerfum greinarinnar og mörg önnur fyrirtæki hafa nú tekið upp sömu gæðaviðmið og LifeVantage gerir kröfu um hjá framleiðendum og birgjum sínum.

Algengar spurningar

Er Protandim Nrf2 „vottuð“ vara?

Já, Protandim Nrf2 er vottað af NSF International. NSF-vottun þýðir að óháð stofnun hefur farið yfir framleiðsluferli vörunnar og metið að lokaafurðin uppfylli tiltekin staðalviðmið um öryggi, gæði eða virkni. NSF vottun er viðurkennd af eftirlitsstofnunum á staðbundnu, fylkis-, ríkis- og alþjóðlegu stigi og NSF framkvæmir reglulega úttektir og vöruprófanir til að staðfesta að varan uppfylli enn staðalinn.

Ég drekk sérstaka djúsa og borða ávexti og grænmeti til að fá andoxunarefnin mín. Af hverju þarf ég Protandim Nrf2?

Virk vörn gegn sindurefnum krefst þess að líkaminn framleiði nægilegt magn eigin andoxunarensíma. Protandim Nrf2 inniheldur einstaka, einkaleyfisverndaða blöndu innihaldsefna sem hafa sýnt frá á að örva framleiðslu andoxunarensíma og vernda gegn frumuálagi. .

Er best að taka Protandim Nrf2 með eða án matar?

Sum virku innihaldsefnin í Protandim Nrf2 eru fituleysanleg, þannig að ef Protandim Nrf2 er tekið með máltíð sem inniheldur fitu frásogast innihaldsefnin betur (en það er ekki algerlega nauðsynlegt)..

Hver er geymsluþol Protandim Nrf2?

Geymsluþol Protandim Nrf2 er þrjú ár frá framleiðsludegi.

Getur líkaminn vanist Protandim Nrf2 þannig að áhrifin minnki?

Nei, ekkert bendir til þess að áhrif Protandim Nrf2 minnki við langtímanotkun. Formúlan hefur ekki verið breytt og lífvirkni er reglulega mæld til að tryggja stöðugan styrk.

Eru aðstæður þar sem ekki er mælt með að taka Protandim Nrf2? Mun Protandim Nrf2 hafa áhrif á önnur lyf sem ég nota?

Eins og með öll fæðubótarefni, sérstaklega ef þú ert með sjúkdóm, tekur lyf eða önnur fæðubótarefni, ættir þú að ráðfæra þig við heilbrigðisstarfsmann áður en þú tekur Protandim Nrf2. Ef þú finnur fyrir ógleði, uppköstum, niðurgangi eða öðrum erfiðleikum eftir að hafa tekið Protandim Nrf2 skaltu hætta notkun og ráðfæra þig við lækni. .

Eru einhverjar aukaverkanir af því að taka Protandim Nrf2?

Við gerum ekki ráð fyrir að venjulegir notendur Protandim Nrf2 upplifi aukaverkanir. Við ráðleggjum þó að fylgja viðvörðunum á umbúðunum: Ekki fara yfir ráðlagðan dagskammt. Fæðubótarefni ætti ekki að nota sem staðgengil fyrir fjölbreytt og hollt mataræði eða heilbrigðan lífsstíl. Ekki nota ef þú tekur blóðþynningarlyf. Ekki nota vöruna ef innsiglið er rofið/skemmt eða vantar. Ekki hentugt fyrir börn yngri en 12 ára, barnshafandi konur og konur með barn á brjósti. Geymið á köldum og þurrum stað. Ef þú upplifir einhverjar aukaverkanir skaltu hætta notkun vörunnar og hringja í 0-800-088-5488 (gjaldfrjálst)..

Af hverju eldist fólk og hvernig getur Protandim Nrf2 hjálpað til við að hægja á öldrun frumnanna?

Rannsakendur og vísindamenn eru sammála um að öldrun sé afleiðing frumuskemmda sem orsakast af sindurefnum. Það er ómögulegt að forðast sindurefni, því bæði maturinn sem þú neytir og loftið sem þú andar að þér, sem og streita eða jafnvel mikil hreyfing, geta örvað frumur til að framleiða gífurlegt magn skaðlegra sindurefna. Mannlíkaminn berst gegn sindurefnum með því að framleiða eigin andoxunarensím, en þegar við eldumst framleiðir líkaminn meira af sindurefnum og minna af þessum andoxunarensímum til að berjast gegn öldrun. .

Hvað er Nrf2 virkjari?

Nrf2 er próteinboðberi sem finnst í hverri frumu líkamans og sendir upplýsingar til DNA frumunnar..

Þegar Nrf2 er virkjað fer það inn í kjarna frumunnar og virkjar nokkur hundruð gen, sem kallast „lífsnauðsynleg gen“. Þessi gen gera frumum kleift að lifa af ýmis konar álag, sérstaklega oxunarálag, sem á sér stað þegar sindurefni og önnur oxandi efni yfirgnæfa náttúruleg andoxunarensím líkamans. Protandim Nrf2 hjálpar til við að vernda líkamann gegn sindurefnum og oxandi efnum með því að virkja þessi lífsnauðsynlegu gen. .